

Löður, Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði Mat á hljóðstigi við íbúðarhús

Að ósk eigenda var gert mat á hljóðstigi við íbúðarhús frá háþrýstipvottatæki í notkun í fyrirhugaðri þvottastöð Löðurs að Reykjavíkurvegi 54 í Hafnarfirði. Vettvangskönnun var gerð 15.10.2014.

Stuðst er við mælingu á hljóðstigi sem gerð var í þvottastöð Löðurs að Fiskislóð 29 í Reykjavík.

Háþrýstítækin verða í húsrými sem er léttbyggð húslengja. Gólf er steinsteypt og innfletir eru yleiningar með málmyfirborði. Húsnæðið í Hafnarfirði er því sambærilegt við það sem mælt var.

Jafngildishljóðstig Leq var mælt við notkun háþrýstisprautu við hreinsun á fólksbíl og mældist í miðju dyraopi $Leq = 85.5$ dBA. Umhverfishljóðstig, þegar slökkt var á háþrýstidælu mældist $Leq = 44.1$ dBA og hafði ekki áhrif á niðurstöðu mælingarinnar.

Gert er ráð fyrir að húshlið þvottastöðvarinnar sem snýr að íbúðarhúsi verði lokað með heilum vegg úr 120 mm þykkum samlokueiningum úr stáli og steinull sem vega um 22kg/m^2 . Áætlað er að hljóðeinangrunargildi veggjarins sé um $R'w = 30$ dB sé gengið frá einingum með vönduðum þéttingum á öllum samskeytum.

Hljóðstig utan við vegg má þá áætla $L_{Aeq} = 55$ dBA, sem við húshlið á íbúðarhúsi í 25 m fjarlægð má áætla $L_{Aeq} \approx 41$ dBA, sem er vel undir leyfilegu hljóðstigi skv. Reglugerð 724/2008, sem er $L_{Aeq} = 55$ dBA frá kl. 7-23.

Seltjarnarnesi, 17.10. 2014



Gunnar Hans Pálsson

171235 3839